

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 8. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0022
IAS

Efni: Landeldi í Hvalfirði, tilkynning til ákvörðunar matskyldu

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, frá 10. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um landeldi í Hvalfirði, matskyldufyrirspurn.

Aurora fiskeldi ehf. áformar að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 14.000 tonn á ári en stöðin verður staðsett á lóð nr. 34 á Grundartanga. Uppbygging er áætluð á næstu árum og gert er ráð fyrir að fullri framleiðslu verði náð á árinu 2028. Sjó verður dælt beint inn í stöðina úr Hvalfirði en áætluð vatnspörf er um 13,5 m³/sek og gert er ráð fyrir um 75% endur nýtingu á sjóvatni. Áætluð ferskvatnspörf er um 3,6 l/s en gert er ráð fyrir 99% endur nýtingu á ferskvatnshluta framleiðslunnar.

Framkvæmdasvæðið liggur að, og er að hluta til innan svæðisins Hvalfjörður, sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og það nær inn á svæði 235 á C-hluta náttúruminjaskrár, Hvalfjarðarströnd.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í umfjöllun um grunnástand svæðisins er stuðst við athuganir sem gerðar voru fyrir umhverfismat Qair á Íslandi ehf fyrir næstu lóðir við framkvæmdasvæðið sem er í vinnslu og svo fyrirbyggjandi gögn. Athuganir Qair eru fyrir lóðir 30 og 32 við Katanesveg, sem er suðvestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði, en fuglar voru líka taldir á tveimur punktum á lóð 34. Fyrirbyggjandi gögn um fugla sem stuðst er við eru vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar 2020-2022, en Náttúrufræðistofnun bendir á að til eru gögn um vetrarfuglatalningar á svæðinu frá Katanesi að Galtarvíkurhöfða fyrir árin 2008-2023 og úttekt var gerð á fuglalífi árið 2004 (Kristinn Haukur Skarphéðinsson. (2004). Fuglalíf við Katanes í Hvalfirði. Reykjavík. NI-04009. Náttúrufræðistofnun Íslands).


Gróður hefur ekki verið skoðaður á lóðinni en stuðst er við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og athuganir á nálægum lóðum. Vistgerðakortið er ónákvæmt í þessum mælikvarða og þar að auki hefur Katanestjörn verið endurheimt og mokað ofan í skurði frá því kortið var gert svo ekki er hægt að byggja á því. Endurheimtin er líkleg til að hafa haft áhrif bæði á gróður og fuglalíf.

Fjaran og botndýralíf utan við lóðina hefur ekki verið rannsakað en nokkur sýni voru tekin utan við nálægar lóðir í umhverfismati Qair. Að mati Náttúrufræðistofnunar er æskilegt að bæði fjaran og botndýralíf verði kannað utan við framkvæmdasvæðið og svæðið vaktað eftir að starfsemi hefst.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður, fugla og fjöru- og botndýralíf og því sé rétt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

